

## Hverfisráð Hlíða

Ár 2017, fimmtudaginn 15. júní, var haldinn 142. fundur hverfisráðs Hlíða. Fundurinn var haldinn að Laugavegi 77 og hófst kl. 16.30 Viðstödd voru: Margrét M Norðdal, Hrefna Guðmundsdóttir, Örn Þórðarson, Svala Arnardóttir, Heiðrún Ólafsdóttir og Gissur Guðmundsson áheyrnarfulltrúi. Þá sátu fundinn þau Magðalena Kjartansdóttir og Hörður Heiðar Guðbjörnsson sem jafnframt ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist

1. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagsviði, dagsett 31.05.2017, Aðalskipulag Reykjavíkur, breyting vegna borgarlínu.  
Haraldur Sigurðsson frá umhverfis- og skipulagssviði tekur sæti undir þessum lið og fer yfir skipulag borgarlínunnar.
2. Teknar voru fyrir fyrir tillögur umhverfis- og skipulagssviðs (USK) vegna verkefnisins „hverfið mitt“. Hverfisráðið stillti upp þeim hugmyndum sem það vill sjá að fari í kosningar í haust n.k. Jafnframt óskar hverfisráðið eftir því að fá að vera í samstarfi við USK áður en endanleg niðurstaða liggur fyrir.
3. Lagt fram svar frá skóla- og frístundasviði, dagsett 12. júní 2017, vegna félagsmiðstöðvarinnar Gleðibankans.
4. Lagt fram bréf frá umhverfis- og skipulagssviði, dagsett 2. júní 2017, Hlíðarendi 20-26
5. Fram fara umræður um fóstun leiksvæða í Hlíðarhverfi.  
- Kl. 18.05 Gissur Guðmundsson vísar af fundi.
6. Fram fer kynning á sameiginlegum fundi Hverfisráðs Hlíða, Vesturbæjar og Miðborgar sem fram fór 31. maí 2017. Fjallað var um skýrslu um heimagistingu og nýjar reglur um akstur stórra hópferðabíla um miðborgina.

Hverfisráð leggur fram svohljóðandi bókun:

Hverfisráð Hlíða óskar eftir að farið verði í það að skoða samskonar fyrirkomulag og í miðborginni um rútubann inn í hverfi í Hlíðum, Holtum og Norðurmýri og að skoðað verði að komu upp upp sleppistæðum á völdum stöðum. Hlíðarnar eru íbúahverfi og því þarf að huga að skýrum reglum varðandi umferð stórra hópferðabíla og bílaskutlum inn í íbúahverfið, bæði varðandi öryggi barna og umferðar og ónæðis.

7. Lögð fram svohljóðandi bókun hverfisráðs:

Hverfisráð Hlíða þakkar Svölu Arnardóttur og Gissuri Guðmundssyni kærlega fyrir góð störf í þágu ráðsins síðustu ár og óskar þeim velfarnaðar í öllum sínum störfum.

### Fundi slitið kl. 18.22

Margrét M. Norðdahl

Örn Þórðarson  
Heiðrún Ólafsdóttir

Svala Arnardóttir  
Hrefna Guðmundsdóttir